

Brynjudalur

Leiðarvísir um ísklifursvæðið í Brynjudal í Hvalfirði

Sigurður Tómas Þórisson & Róbert Halldórsson

Almennt

Þessi drög að leiðarvísi dekkja eingöngu norðurhluta Brynjudals, þ.e. svæðið ofan við Skógræktina og Ingunnarstaði.

Það eru nokkur önnur svæði sunnanmegin í dalnum.

Ber þar helst að nefna Flugugilið, sem er stórt gil á hægri hönd þegar komið er inn á veginn inn dalinn. Óríon (WI5, 100m) er þar þekktasta leiðin en einnig er þar að finna fjölda fleiri leiða frá WI3-WI5+ inni í gilinu og í hliðunum sitt hvoru megin við gilkjaftinn. Óríon er innst og efst í gilinu (til vestri/austurs) og þarf nokkurt hugmyndaflug til að komast að leiðinni.

Ýringur (WI5, 200-500m) er önnur klassík leið, nokkur hundruð metra austan við Flugugilið í suðurhlíð dalsins. Leiðin býður upp á alpafling í þröngri skoru/rennu með nokkrum mislöngum höftum frá WI2-WI5 og endar öllu jöfnu í "Haftinu", sem er 20-25m stíf spönn efst í skorunni áður en hún flest út fyrir ofan. Um 200m ofan við er svo um 50m WI3/4 lokahaft, sem endar nánast uppi á fjallinu og gefur þessi framlenging prýðis alpafling á upp- og niðurleiðinni.

Yfirleitt er farið labbandi niður úr Ýringi til vesturs (utar í dalnum) og er hægt að þræða sig ágætlega í gegnum skriðuna á 100-200m bili næst Ýringi.

Algeng er að fara sömu leið niður úr Óríon, því sig niður hann getur verið til vandræða og erfitt að þræða niður gilið aftur. Til að gera þetta er stefnan tekin beint til austurs (út hliðina) ofan við Óríon þar til komið er að Ýringi. Þar er svo þrætt niður skriðuna vestan við hann eins og ofan er lýst.

Einnig er oft prýðis klifur í Þrándarstaðagilinu, ofan við bæinn Þrándarstaði.

Nokkrar leiðir eru á stangli sunnanmegin á móts við Skógræktina (Óli, Pétur og Stubbur og fleira).

Síðan er um klukkutíma (?) ganga inn í dalbotninn að Hestgili, þar sem er nokkur fjöldi fáfarinna erfiðra leiða og einhverra mixklifur projecta í stórum klettavegg.

Aðkoma

Keyrið þjóðveg 1 í átt að Hvalfjarðargöngunum en beygið svo til hægri inn Hvalfjararveginn (þjóðveg X) langleiðina inn í botn.

Brynjudalur er næsti dalur á undan Botnsdal (þar sem Glymur er) og er ágætis vegur inn dalinn rétt áður en komið er að brúnni yfir Brynjudalsá.

Aðkoma að Flugugili er um 1km inn dalinn og um 2km að Ýringi. Í báðum tilfellum er yfirleitt lítið mál að keyra aðeins

Til að komast að Skógræktinni er keyrt framhjá Þrándarstöðum og þvert norður yfir dalinn að Ingunnarstöðum, þar sem vegurinn greinist til hægri/austurs meðfram girðingunni inn að Skógrækt. Farið gætilega hérna, því það er sjaldnast mokað lengra en að Ingunnarstöðum og vegurinn hlykkjast í gegnum móa og mýrar og getur stundum verið ógreinilegur. Ef farið er á fólksbíl er vissara að leggja við Ingunnarstaði og labba síðasta spottann að klifursvæðunum.

Um ísklifrið

Síðar.

Tímabil

Eins og gengur á landinu fagra er engu að treysta með veðrið og ísmyndun. Því er litlu hægt að lofa um hvort aðstæður séu vænlegar í Brynjudal á ákveðnum árstímum.

Þó er gott til þess að vita að það er nokkuð stöðugt temmlegt vatnsrennsli fram af klettabeltinu þannig að ef frost hefur verið á SV-horninu í einhverjar vikur þá er ekki ólíklegt að útlitið sé bjart.

Þar sem svæði A, B og C snúa öll í suður, þá er það töluvert viðkvæmt fyrir sólinni þegar daginn tekur að lengja. Líklegasti tíminn til að fá góðan ís þar er því í desember og janúar.

Skógræktin -- innst í dalnum ofan við Skógræktina

Þetta svæði er beint ofan við Skógræktina. Lagt ýmist við Ingunnarstaði og gengið um 1km yfir að svæðinu eða keyrt eftir slóða meðfram girðingu alveg inn að Skógrækt. Stutt en brött brekka undir klettabeltinu.

Fjöldi prýðis leiða er á þessu svæði af öllum kalíber. Niðurleið með V-þræðingu, niður gil hjá leiðum A1 og A2 eða niður hlíðina austan við A11 (?).



A1) Tappi

WI3, 30m

??

Þægileg leið í giliu vinstra megin ofan við Skógræktina

A2) Korkur

WI2, 30m

??

Þægileg leið í giliu vinstra megin ofan við Skógræktina

A3) Pilsner ***

WI5, 30m

??

Brattur áberandi pillar vinstra megin í klettunum ofan við Skógræktina. 20m+ af bröttu en slaknar aðeins á brattanum síðustu metrana.

A4) Kópavogsleiðin **

WI4, 30m

??

Bla

A5) Stout **

WI 5/5+, 25m

Jan '14: Róbert H, Sigurður Tómas ??

Byrjar á tæknilegu þunnu slabbi. Bratt 5m kerti fyrir miðbikið inn í lítinn skúta. Þaðan vandasamt bratt klifur út á tjald sem lafir fram af brúninni ofan við skútann (krúx).

A6) Porter *

WI 5/5+, 25m

Jan '14: Sigurður Tómas, Róbert Halldórsson ??

Sama byrjun og A7 en í stað þess að fara upp bratta kertið

fyrir miðbikið er farið út í þynnra klifur til hægri - á litlum ísbólstrum og drytool. Vandasamar tryggingar.

A7) Kútur

WI3, 35m

??

Þægileg leið í léttari kantinum. Hægt að gera stans á stórum steini ofan við leiðina (varða ofan á honum)

A8) Stútur *

WI3+, 45m

??

Byrjar á rólegu nótunum en stífnar eftir því sem ofar dregur. Hægt að tryggja í grjót ofan við leið.

A9) Gambri *

WI3+, 45m

??

Byrjar löðurmannlega en snýst í bratt en einfalt klifur í lokin. Hægt að tryggja í girðingu ofan við leiðina.

A10) Landi **

WI4+ ?, 40m

??


Létt aðkomuhöft leiða upp í bratt tæknilegt kerti í lokin.

A11) Spíri *

WI4 ?, 40m

??

Létt aðkomuhöft leiða upp í brattari kerti í lokin.



Nálaraugað -- ~1km vestan við Skógræktina

Þetta svæði er milli Ingunnarstaða og Skógræktarinnar. Lagt ýmist við Ingunnarstaði og gengið um 0,5km yfir að svæðinu eða keyrt eftir slóða meðfram girðingu um hálfa leið inn að Skógrækt. Stutt en brött brekka undir klettabeltinu.

Fjöldi prýðis leiða er á þessu svæði af öllum kalíber. Niðurleið með V-þræðingu, niður gil hjá leiðum A1 og A2 eða niður gil vestan við B1 (?).



B1) Bla WI4, 30m

??

Í skoru vestast í klettabeltinu.

B2) Björggi * WI4+, 40m

??

Það hlýtur einhver að hafa farið þessa fyrir löngu.

B3) Ókindin ?? WI5+/M6 R, 40m

Des '14: Róbert Halldórsson, Sigurður Tómas

Vinstra megin við Nálarauga-þakið. Á þunnum bólstrum og drytool (tortryggt) upp á stóra syllu. Þaðan þunnt bratt drytool (mjög tortryggt, krúx) upp í bratt ístjald (WI5/5+) fyrir ofan. Nokkrir metrar af WI4 leiða upp í WI5/5+ ístjald upp á brún. Varúð! "R" stendur fyrir "runout", því leiðin er tortryggð og vandasöm.

B4) Nálaraugað *** WI5, 40m

?? *Palli væntanlega*

Frábær leið. Ein af fyrstu leiðunum í aðstæður flesta vetur.

Bratt tæknilegt kerti í byrjun upp undir risastórt þak. Hliðrun til hægri á (miserfuðum) ísbunkum út undan þakinu (oft krúxið) og síðan beint upp tæpa 10m upp á brún.

B5) Snati ** WI5/5+, 40m

?? *Palli væntanlega*

Áberandi 15m frihangandi kerti niður úr stóru þaki fyrir miðju klettabeltinu. WI5/5+ klifur upp kertið og áfram 20m+ af vandasömu WI5/5+klifri upp á brún. **Varúð!** Aðal kertið snertir klettinn ekki neitt neðan við þakið og þarf því að fara hér með ítrustu varkárni. Hefur brotnað fyrirvaralaust... Alls ekki leggja í kertið nema það sé amk. mittisþykkt neðst.

B6) Seppi WI4, 40m

??

Bla

B7) Hvutti WI3, 35m

??

Bla

B8) Kisi WI2 ?, 30m

??

Bla